

Nr. 10/1907:

Oddur Gíslason málaflutnings-
maður f. h. gufuskipafélagsins
Thore í Kaupmannahöfn
gegn
sýslumanni Páli Einarssyni.

D ó m u r:

Hinn 9. febr. þ. á. úrskurðaði bæjarfógetinn í Reykjavík samkvæmt kröfu stefnda, sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem gjaldheimtumanns lands-sjóðsins, að taka skyldi lögtaki hjá gufuskipafélaginu Thore aukagjald samkvæmt lögum nr 5, 14. febr. 1902 fyrir afgreiðslu, skoðun og áritun á skjöl gufuskipisins Kong Helge í Keflavík 5. ágúst f. á., að upphæð 26 kr. 65 a., en nefnt félag hafði samþykkt að svara til sakar í máli þessu í Reykjavík.

Áfrýjandinn Oddur málaflutningsmaður Gíslason greiddi síðan í fógetaréttinum hina umkröfðu upphæð 26 kr. 65 a. til þess að komast hjá lögtakinu, en lýsti því um leið yfir, að félagið mundi áfrýja úrskurðinum. Það hefir málaflutningsmaðurinn nú og gjört með stefnu, dags. 9. marz þ. á., og hefir hann fyrir félagsins hönd krafist þess, að úrskurðurinn og lögtakið verði úr gildi felt og stefndi dæmdur í málskostnað eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest og að áfrýjandi verði skyldaður til að greiða stefnda málskostnað eftir mati réttarins.

Hinn 5. ágúst f. á. kom gufuskip Thorefélagsins »Kong Helge« til Keflavíkur og hafði meðferðis þangað

vörur frá útlöndum, þar á meðal tollskyldar vörur. Skipið kom til Keflavíkur frá Reykjavík, og hafði það greitt þar afgreiðslugjald til landssjóðs samkvæmt 56. grein aukatekjulaganna 2. febr. 1894. Áfrýjandi hefir nú haldið því fíam, að hið umkrafa aukagjald, samkvæmt lögum 14. febr. 1902, eigi ekki eftir lögum þessum að greiða á öðrum höfnum en þar, sem jafnframt sé greitt afgreiðslugjaldið til landssjóðs eftir fyrteðri grein aukatekjulaganna og því hafi skipinu eigi verið skylt að greiða aukagjaldið í Keflavík, þar sem það hafði áður lokið afgreiðslugjaldinu til landssjóðs í Reykjavík. Á þennan skilning áfrýjanda á nefndum lögum verður þó eigi fallist; það er ekki ástæða til að skilja lög þessi svo, að aukagjaldið, sem á að vera þóknun til umboðsmanns lögreglustjóra fyrir skoðun og áritun skipaskjalanna, skuli vera einskorðað við þær hafnir einar, þar sem afgreiðslugjaldið til landssjóðs á að greiða, og það verður því að álíta, að það eigi að greiða á hverri þeirri höfn, þar sem sýna þarf skjöl skipsins, en eigi næst til lögreglustjóra og skipið þar af leiðandi fær afgreiðslu hjá umboðsmanni hans. Skip það sem hér um ræðir fekk nú samkvæmt skýrslu sýslumanns afgreiðslu í Keflavík hjá umboðsmanni hans, og verður því að álíta, að aukagjalds hafi verið réttilega af því krafist þar, og þar sem eigi hefir verið fundið neitt að upphæð gjaldsins, ber því að staðfesta úrskurð fógetans og lögtakið. Áfrýjanda ber eftir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónu.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður og eftirfarandi lögtak á að vera óraskað. Áfrýjandi Oddur yfirrettarmálaflutningsmaður Gíslason fyrir hönd gufuskipafélagsins Thore í Kaupmannahöfn greiði stefnda sýslumanni Páli Einarssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 12. ágústmánaðar.

Nr. 46/1906:

Magnús Einarsson

gegn

ábuendum Péturseyjar, Lofti Jónssyni, Árna Jónssyni, Grími Sigurðssyni og Guðmundi Finnssyni.

Dómur:

Hinir stefndu eigendur og ábuendur jarðarinnar Péturseyjar kærðu það skriflega hinn 13. ágúst f.á. fyrir sýslumanninum í Skaftafellssýslu, að farið hefði verið í fuglpláss jarðarinnar Péturseyjar, svonefndan Stórhöfða, og tekinn þaðan fylunqi, »sem í meðalári hefði numið alt að 40—60 kr. virði«, og tilnefndu þeir áfrýjandann Magnús Einarsson í Vík meðal nokkurra annarra, er grunaðir voru um að hafa farið í fuglplássid og tekið þar fugl. Sýslumaðurinn kallaði þá hina tilnefndu menn fyrir lögreglurétt, er haldinn var 23. ágúst f. á., og hélt nokkurs konar